

24. gr.

Skipskráningarstjórar eru skyldir til að hafa jafnan nægilegan forða hjá sjer og umboðsmönnum sínum af viðskiptabókum þeim og skipshafnarskrám, sem gefnar verða út að tilhlutun landshöfðingja. Bækur þessar og skrár verða sendar þeim, þegar þeir fara þess brjeflega á leit við landshöfðingja. Á borguninni fyrir viðskiptabækurnar og skipshafnarskrárnar, sem þeir eiga að láta úti: viðskiptabækurnar fyrir 15 auro og skipshafnarskrárnar fyrir 5 auro hverja, eiga þeir að standa skil á sama hátt og á öðrum aukatekjum, sem þeir innheimta, og ber þeim að láta fylgja aukatekjureikningnum skýrslu um, hve margar ónotaðar viðskiptabækur og skipshafnarskrár eru hjá þeim og umboðsmönnum þeirra í hver árslok.

Reykjavík, 15. nóvembermán. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

173

174

8. nóv.

Brjef landshöfðingja til biskups, um galla á kjörskrár við prestkosningar. — Með því að jeg hef veitt því eptirtekt, að við hinar nýafstöðnu prestkosningar í Suðurdalapingum og Hvammsprestakalli, báðum í Dalaprófastsdæmi, hafa nokkrir lausamenn og vinnumenn verið teknir upp á kjörskrár, og sumir greitt atkvæði, þá vil jeg, jafnvel þótt það hafi ekki haft nein áhrif á úrslit kosninganna í þessum tilfellum, þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir hlutadeigandi prófasti, að slíkt sje með öllu ólöglegt, með því að einungis búsettir menn hafa kosningarrjett samkvæmt lögum 8. jan. 1886, 3. gr. sbr. landshbr. 24. jan. 1889, Stjtið. 1889, B. nr. 8, bls. 6.

175

10. nóv.

Brjef landshöfðingja til landfógetans, um útborgun á eptirlaunaviðbótum. — Til þess að eptirlit verði haft með því, að gætt sje þeirra fyrirmæla í 3. lið 8. greinar í tilsk. 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851 um eptirlaun, að eptirlaunviðbót ekkna skuli því að eins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sjer framvegis stað, skal jeg hjer með, eptir undirlagi ráðgjafans fyrir Ísland, þjónustusamlega skora á yður herra landfógeti, að heimta framvegis af hlutadeigandi ekkjum nægileg vottorð einu sinni á ári, þ. e. við síðustu útborgun eptirlaunaviðbótarinnar á almanaksári hverju, um það að kringumstæður þær, sem viðbótin er byggð á, eigi sjer enn stað, og komi slík vottorð ekki fram, verður að halda eptir viðbótinni þar til er skilríki koma.

Auglýsing

fyrir sjófarendur.

Til leiðbeiningar fyrir sjófarendur verður frá 1. d. marzmánaður 1891 tendr- að ljóskeri á Skipaskaga á Akranesi, að tilhlutun hlutadeigandi hreppsnefndar. Ljóskerið stendur á Teigakotslóð, sem liggur á 64° 18' 45" norðl. br. og 34° 43' 30" lengdar vestur frá Kaupmannahöfn, 46 fet fyrir ofan sjáfarmál, og verður ljóskerið

176

22. nóv.